

Júní 2011

Samkomulag

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga hins vegar

Aðalatriði samningsins:

Samningurinn gildir frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014.

Launataxtar hækka á bilinu 11,4% til 21,2% á samningstímabilinu.

50.000 kr. eingreiðsla kemur til útborgunar 1. júlí nk. verði samningurinn samþykktur í atkvæðagreiðslu. Miðað er við tímabilið mars 2011 til apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Sérstakt álag á orlofsuppbót 10.000 kr. kemur til útborgunar 1. júlí 2011.

Sérstakt álag á desemberuppbót kr. 15.000 kemur til útborgunar 1. desember 2011.

• Launabreytingar

- 1. júní 2011: 4,25% eða 12.000 kr. að lágmarki
- 1. mars 2012: 3,50% eða 11.000 kr. að lágmarki
- 1. mars 2013: 3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki
- 1. mars 2014: 38.000 kr. eingreiðsla. Miðað er við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallega greiðslu

• Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf

- 1. júní 2011 182.000 kr.
- 1. febrúar 2012 193.000 kr.
- 1. febrúar 2013 204.000 kr.

• Orlofsuppbót á árinu 2011 verður kr. 26.900 + sérstakt álag kr. 10.000

• Desemberuppbót á árinu 2011 verður kr. 48.800 + sérstakt álag kr. 15.000



Starfsgreinasamband Íslands



Sýnum

ábyrga afstöðu

og greiðum atkvæði

Aðildarfélög SGS sem eiga aðild að þessum samningi

Efling-stéttarfélag, Eining-löja, Afl starfsgreinafélag, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðsfélag Akraness, Stéttarfélag Vesturland, Verkalýðsfélag Stykkishólms, Verkalýðsfélagið Stjarnan, Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan-stéttarfélag, Framsýn stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélag Suðurland, Báránþór, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Drífandi stéttarfélag og Verkalýðsfélag Grindavíkur.

Til félagsmanna Starfsgreinasambandsins

Ágæti félagi

Miðvikudaginn 1. júní sl. var undirritað samkomulag við ríkið um breytingar og framlengingu á kjarasamningi.

Gildistími samningsins er frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014.

Nær allir kjarasamningar, bæði á almennum- og opinberum vinnumarkaði hafa verið lausir frá 30. nóvember 2010. Það var með ráðum gert að samræma lokadagsetningu kjarasamninga þegar gengið var frá sáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í júní 2009. Þannig væru mestar líkur á því að mögulegt væri að ná sátt um kjarabætur sem gengið gætu yfir allan vinnumarkaðinn, þó þannig að lægstu laun fengju hlutfallslega mest. Það sem kallað hefur verið samræmd launastefna. Við teljum að þetta markmið hafi náðst að mestu, þrátt fyrir að ýmis ljón hafi verið á veginum.

Kjaraviðræður liðins vetrar hafa verið eins og veðurfarið, risjótt, umhleyplingar og frosthörkur á stundum. En öll él birtir upp um síðir og er það von samninganefndar Starfsgreinasambandsins að þessi kjarasamningur, sé til marks um það að með samtakamætti sé unt að ná þokkalegum árangri þrátt fyrir erfiða stöðu.

Við vonum að þegar þú hefur kynnt þér samninginn, þá sértu sammála okkur um kosti hans við þessar erfiðu aðstæður í íslensku efnahagslífi. Mest er um vert að þú takir þátt í atkvæðagreiðslunni og sýnir afstöðu þína til samningsins.

Við bendum þér á að nýta þér þær kynningar sem fara fram hjá þínu félagi og/eða hafa samband við þitt stéttarfélag viljir þú ítarlegri upplýsingar.

Við hvetjum þig til að greiða atkvæði strax.

Þín þátttaka er okkar sameiginlegi styrkur!

Atkvæðaseðillinn verður að berast til SGS í síðasta lagi kl. 16:00 þriðjudaginn 21. júní nk.

Svarsendingin er merkt Eflingu-stéttarfélagi sem hefur tekið að sér að annast útsendingu kjörgagna og talningu atkvæða í samvinnu við skrifstofu SGS og fleiri.

F.h. Samninganefndar Starfsgreinasambands Íslands

Signý Jóhannesdóttir

Samkomulag

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. gr. Gildistími Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr. Kaup Mánaðarlaun þeirra, sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. meðfylgjandi launatöflum sem hver hefur sinn gildistíma. Sjá fylgiskjal I.

3. gr. Launahækkunar Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir, sbr. fylgiskjal 3:

1.6.2011:	4,25% eða 12.000 kr. að lágmarki.
1.3.2012:	3,50% eða 11.000 kr. að lágmarki.
1.3.2013:	3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki.
1.3.2014:	Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

4. gr. Persónuuppbót Persónuuppbót (desemberuppbót) samkvæmt gr. 1.7.1 verður:

Á árinu 2011	48.800 kr.	sérstakt álag 15.000 kr.
Á árinu 2012	50.500 kr.	
Á árinu 2013	52.100 kr.	

Hafi stéttarfélag ákvæði um hærri persónuuppbót skulu þau halda óbreyttri upphæð frá síðustu samningum á þessu samningstímabili, en þó ekki lægri en ofangreindar fjárhæðir.

5. gr. Orlofsuppbót Orlofsuppbót samkvæmt gr. 4.2.2 verður:

Á árinu 2011	26.900 kr.	sérstakt álag 10.000 kr.
Á árinu 2012	27.800 kr.	
Á árinu 2013	28.700 kr.	

Hafi stéttarfélag ákvæði um hærri orlofsuppbót skulu þau halda óbreyttri upphæð frá síðustu samningum á þessu samningstímabili, en þó ekki lægri en ofangreindar fjárhæðir.

6. gr. Ræsting Samningsaðilar gera ráð fyrir aðlögunartíma fyrir nýtt kerfi í tímamældri ákvæðisvinnu út samningstímabilið. Greiddir eru fleiri tímar fyrir ræstingarsvæði sem mælt er samkvæmt eldra kerfi enda gerir nýtt kerfi í tímamældri ákvæðisvinnu ráð fyrir hraðari vinnutakti. Á samningstímanum hafa ríkisstofnanir val um að greiða fyrir tímamældri ákvæðisvinnu við ræstingar samkvæmt nýju kerfi sbr. kafla 1.6.1 eða greiða áfram samkvæmt eldra kerfi samkvæmt 1.6.2.

Sex mánuðum fyrir lok samningstímans skulu aðilar taka upp viðræður um stöðu mála, hvort og þá hvernig nýtt kerfi hefur verið innleitt, hvernig hefur tekist til og hvernig skuli staðið að innleiðingu nýs kerfis í framhaldinu.¹

Grein 1.6 um ræstingu hljóði svo:

1.6.1 Tímamæld ákvæðisvinna við ræstingar (nýtt kerfi).

1.6.1.1 Heimilt er að greiða ákvæðislaun fyrir áætlaðan tímafjölda þar sem vinnutaktur er ákveðinn 130 stig

1. Sjá einnig bókanir 6-8 sem fjalla um breytingar á fyrirkomulagi ræstingar hjá ríkisstofnunum.

- (hámark) enda afköst ákvörðuð samkvæmt viðurkenndum grunnreglum um vinnu- og tímarannsóknir, sbr. rammisamning um ræstingar undirrituðum 1. nóvember 1994.
- 1.6.1.2 Starfsfólki skal afhent skrifleg verklýsing ásamt ræstingartíðnateikningu sem afmarkar skýrt það sem þrifa á og með hvaða áherslum. Tekið skal fram á hvaða tíma dags svæðið skal ræst og hve oft.
- 1.6.1.3 Laun
Fyrir staðinn tíma í ákvæðisvinnu greiðist eftirfarandi tímakaup. Í því er meðtalið 12% álag vegna ákvæðisvinnu og 8% álag vegna neysluhléa, eða samtals 20% álag.
- | | |
|--------------|--------------|
| Frá 1.6.2011 | 1.347,19 kr. |
| Frá 1.3.2012 | 1.428,37 kr. |
| Frá 1.3.2013 | 1.509,55 kr. |
- Með stöðnum tíma er átt við að tímalaun miðast við virkan vinnutíma starfsmanns og tekur hann því ekki neysluhlé á vinnutíma.
- 1.6.1.4 Álag eftir kl. 17:00 virka daga og um helgar
Álag greiðist á vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils, sbr. gr. 1.5.1:
33,33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - kl. 24:00 mánudaga til fimmtudaga.
55,00% álag á tímabilinu kl. 17:00 - kl. 24:00 föstudaga.
55,00% álag á tímabilinu kl. 00:00 - kl. 08:00 alla daga svo og laugardaga og sunnudaga.
- 1.6.1.5 Yfirvinna
Fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku skal greiða með 80% álagi miðað við tímakaup skv. gr. 1.6.1.3.
- 1.6.1.6 Álag á sérstökum frídögum
Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, frídegi verslunarmanna og annan jóladag greiðist með tímakaupi í yfirvinnu, sbr. gr. 1.6.1.5.
- 1.6.1.7 Álag á stórhátíðardögum
Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársdag eftir kl. 12:00 greiðist með 137,5% álagi miðað við tímakaup skv. gr. 1.6.1.3.
- 1.6.1.8 Hreingerningar
Tímakaup við hreingerningar (aðalhreingerningar) greiðist með 55% álagi á dagvinnutímakaup skv. gr. 1.5.1.
- 1.6.2. Tímamæld ákvæðisvinna við ræstingar (eldra kerfi).**
- 1.6.2.1. Samningsaðilar gera ráð fyrir aðlögunartíma fyrir nýtt kerfi út samningstímabilið. Greiddir eru fleiri tímar fyrir ræstingarsvæði sem mælt er samkvæmt eldra kerfi enda gerir nýtt kerfi í tímamældri ákvæðisvinnu ráð fyrir hraðari vinnutakti.
Heimilt er að greiða samkvæmt eldra kerfi nema ákvörðun verði tekin um annað, sbr. 2. málsgrein 6. greinar.
- 1.6.2.2. Á tímabilinu kl. 08:00-20:00 mánudaga – föstudaga er greitt fyrir tímamælda ákvæðisvinnu sem hér segir: Frá 01.06.2011: 1.093,16 kr.Frá 01.03.2012: 1.163,35 kr.Frá 01.03.2013: 1.233,54 kr.
Ákvæði til bráðabirgða
Þeir starfsmenn sem höfðu annað tímaviðmið á föstudögum fyrir 1. maí 2000 skulu halda því á meðan ráðning rofnar ekki.
- 1.6.2.3. Alla aðra tíma vikunnar, þó ekki kl. 00:00-08:00:
Frá 01.06.2011: 1.318,78 kr.Frá 01.03.2012: 1.403,46 kr.Frá 01.03.2013: 1.488,14 kr.
- 1.6.2.4. Ræsting á tímabilinu 00:00-08:00 greiðist með yfirvinnutaxta skv. öðrum launaflokki fjórða þrepi.
- 1.6.2.5. Ræsting á stórhátíðardögum greiðist skv. gr. 2.1.4.3. með stórhátíðarkaupi skv. öðrum launaflokki fjórða þrepi.
- 1.6.2.6. Taki ræstingarmaður aukastykki innan sama ræstingarsvæðis í beinu framhaldi af venjubundinni vinnu sinni, skal greiða fyrir þá vinnu með yfirvinnutaxta skv. öðrum launaflokki fjórða þrepi.
- 1.6.2.7. Mælieiningar í tímamældri ákvæðisvinnu miðast við 21,67 virka daga í mánuði að jafnaði (52x40 : 12) eða 4,33 vikur að jafnaði í mánuði (52 : 12).

1.6.3. Flatarmæld ákvæðisvinna²

1.6.3.1 Fyrir hvern fermetra á mánuði:

1. Gólfraesting

Frá 01.06.2011: 266,83 kr.Frá 01.03.2012: 283,96 kr.Frá 01.03.2013: 301,09 kr.

2. Fimleikahús og áhaldaherbergi

Frá 01.06.2011: 231,34 kr.

Frá 01.03.2012: 246,19 kr.

Frá 01.03.2013: 261,04 kr.

3. Salemi

Frá 01.06.2011: 300,82 kr.Frá 01.03.2012: 320,14 kr.Frá 01.03.2013: 339,46 kr.

1.6.3.2 Kauptaxtar fyrir ákvæðisvinnu skv. flatarmælingu skulu miðaðir við 5 daga vinnuviku. Sé unnið færri daga vikunnar en 5, skal greiða hlutfallslega.

1.6.3.3 Ræstingarvinna skv. flatarmælingu sem framkvæmd er um helgar og á sérstökum frídögum, skal greidd með yfirvinnukaupi skv. öðrum launaflokki fjórða þrepi. Á stórhátíðardögum skv. gr. 2.1.4.3 greiðist hún með stórhátíðarkaupi skv. sama launaflokki. Sama gildir um ræstingarvinnu umfram fasta vinnuskyldu.

7. gr. Frí í stað yfirvinnu Grein 2.3.8 hljóði svo:

2.3.8 Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

8. gr. Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna Frá 1. mars 2012 breytist gr. 2.6.9 og verður sem hér segir:

2.6.9 Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

9. gr. Fæðisfé

3.4.4 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.4.1, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

1. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.

2. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.

3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

Frá 1. mars 2012 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.5 og hljóðar svo:

3.4.5 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1.

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.6 og hljóðar svo:

3.4.6 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulíð vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu máimánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Núverandi grein 3.4.5 verður 3.4.7.

2. Sjá bókun 8 um könnun á umfangi fermetramælingar.

10. gr. Vinnusókn og ferðir Kafli 5.4 hljóði svo:

5.4.1 Starfsmaður skal sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum.

5.4.2 Frá grein 5.4.1 eru eftirtalin frávík:

5.4.2.1 Starfsmanni skal séð fyrir ferð eða honum greiddur ferðakostnaður að og frá vinnustað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Að starfsmaður hefji eða ljúki vinnu á þeim tímum sem strætisvagnar ganga ekki.
- Að heimili starfsmanns sé lengra en 1,5 km (loftlína) frá vinnustað.
- Að vinnustaður sé innan leiðakerfis strætisvagna. Með leiðakerfi er átt við skipulagðar ferðir þar sem gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni ferð á klukkustund innan hvers skilgreinds þéttbýliskjarna í viðkomandi tilviki.
- Að ekki sé lengra en 1,5 km frá biðstöð að vinnustað.

Starfsmanni er ekki séð fyrir ferð eða honum greiddur ferðakostnaður fyrir lengri vegalengd en sem nemur 15 km (loftlína) frá vinnustað.

5.4.2.2 Ef ákvæði greinar 5.4.2.1 eiga ekki við, en vinnustaður er innan þéttbýlis, skal starfsmanni séð fyrir ferðum að og frá vinnustað innan 15 km fjarlægðar (loftlína), en þó utan 1,5 km (loftlína), þegar starfsmaður hefur eða lýkur vinnu á tímabiliinu frá kl. 00:00 til kl. 07:00 virka daga og frá kl. 00:00 til kl. 12:00 á almennum eða á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2 og 2.1.4.3.

5.4.2.3 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 5 km (loftlína) utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

5.4.2.4 Heimilt er í stofnanasamningi skv. kafla 11 að semja nánar um hvernig ákvæði kafla þessa skulu framkvæmd í einstökum tilfellum, svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða til dæmis dvöl í óbyggðum, á sjó eða langdvöl á ferðum.

11. gr. Ferðatími erlendis Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 5 ný grein sem verður gr. 5.5. Númer annarra greina breyttist í samræmi við það.

5.5 Ferðatími erlendis

5.5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilviki.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 33,33% álag jafngildi 20 mín. fríi, 55% álag jafngildi 33 mín. fríi.

12. gr. Heimflutningur fjarri vinnustað Grein 5.8.1 verður svohljóðandi:

5.8.1 Þegar starfsmaður vinnur fjarri reglulegum vinnustað eða heimastöð þess vinnuflokks er hann tilheyrir, skal hann eiga rétt á ókeypis flutningi í vinnutíma til og frá heimastöð eins og hér segir:

1. Víkulega ef vegalengd frá dvalarstað vinnuflokks til heimastöðvar flokksins eftir aðalleið er innan við 450 km.
2. Hálfsmánaðarlega ef sú vegalengd er 451 km. eða meira. Starfsmanni skal tryggt eigi skemmra frí en 48 klst. milli ferða skv. þessum lið.

13. gr. Gistiaðstaða Grein 5.9.5 verði svohljóðandi:

5.9.5 Hjá vinnuflokkum þar sem mótuneyti er starfandi utan heimastöðvar, skal vinnuveitandi leggja flokkunum til sjónvarps- og útvarpstækí.

14. gr. Fatapeningar Frá 1. júní 2011 breytist gr. 8.3.1 og verður sem hér segir:

8.3.1 Á heilbrigðisstofnunum þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúræða, að starfsmaður noti

eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfátnaðar skv. gr. 8.2, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs (031 föt) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (169,6 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

15. gr. Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 22. júní 2011 skoðast hann samþykktur.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja upp samningnum fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 1. júní 2011

F.h. fjármálaráðherra
með fyrirvara um samþykki

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna aðildarfélaga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókanir með kjarasamningi

Bókun 1

Fjármálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að stofnanir ríkisins setji verklagsreglur svo sem um fjarveru starfsmanns vegna andláts nákomins ættingja, tæknifrjógvunar og áfengismæðferðar. Vegna þessa verður öllum stofnunum sent bréf á haustmánuðum 2011 þar sem fram koma kröfur ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

Bókun 2

Verði samið um breytingar á algildum greinum kjarasamninga ríkisstarfsmanna eftir gerð þessa kjarasamnings þá ætla aðilar að þær breytingar eigi einnig við kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands eftir því sem við getur átt. Aðilar sammælist um hvernig fara skuli með slíkar breytingar.

Bókun 3

Veikindi og endurhæfingarmál

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppbyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd. Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma. Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrirtækjum o.s.frv.

Samningsaðilar taka þátt í stýrihópi á vegum VIRK sem vinnur að þeim markmiðum sem nefnd eru hér að framan. Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til inn í sínu starfi. Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Bókun 4

Reiknitala kaupauka Vegagerðarinnar

Reiknitala kaupauka Vegagerðarinnar hækkar sem hér segir á samningstímanum.

1.6.2011	4,25%
1.3.2012	3,50%
1.3.2013	3,25%

Bókun 5

Aðilar eru sammála um að 2. og 3. grein samkomulags um takmörkun verkfallsréttar og sameiginlega atkvæðagreiðslu falli brott við lok samnings þessa.

Bókun 6

Endurskoðun á rammasamningi um ræstingar

Á samningstímabilinu munu aðilar fara í endurskoðun á rammasamningi um ræstingar.

Bókun 7

Málsmeðferð í ágreiningsmálum vegna ræstinga

Fyrir lok samningstímans munu samningsaðilar leggja mat á hvort að málsmeðferð í ágreiningsmálum hafi skilað tilætluðum árangri og koma með tillögur að úrbættum ef þurfa þykir.

Bókun 8

Könnun á umfangi fermetramælingar í ræstingu

Á samningstímanum munu samningsaðilar gera könnun á umfangi vinnu við ræstingar samkvæmt fermetramælingu og stefna að því að slíkt vinnufyrirkomulag verði lagt af fyrir lok samningstímabilsins.

Fylgiskjal 1

dags. 1. júní 2011

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. júní 2011	182.000 kr.
Frá 1. febrúar 2012	193.000 kr.
Frá 1. febrúar 2013	204.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinnu, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Fylgiskjal 2

Tímamæld ákvæðisvinna í ræstingu – málsmeðferð í ágreiningsmálum

Komi upp ágreiningur um tímamælingu í ræstingu samkvæmt grein 1.6. í kjarasamningi verði eftirfarandi málsmeðferð fylgt:

1. Stjórnandi og starfsmaður fari í sameiningu yfir ræstingarsvæðið og kanni eftirfarandi þætti þar sem tekið er mið af vinnutakti 130:
 - a) Er skrifleg verklýsing til staðar og uppfyllir hún ákvæði kjarasamnings? Er verklýsing í samræmi við þau verkefni sem starfsmanni eru falin?
 - b) Er áætlaður vinnutími í verklýsingu í samræmi við umsamin vinnutíma starfsmanns?
 - c) Fylgir starfsmaður verklýsingu?
 - d) Sinnir starfsmaður öðrum verkefnum sem ekki eru tilgreind í verklýsingu?
 - e) Eru gæði vinnunnar í samræmi við verklýsingu?
 - f) Hefur starfsmaður öll þau áhöld og efni sem hentugust eru til ræstinga á viðkomandi svæði?
 - g) Hefur starfsmaður fengið leiðbeiningar um notkun áhaldna og efna?
 - h) Hefur starfsmaður náð tökum á vinnuáðferð sem hentugust er á viðkomandi ræstingarsvæði?
 - i) Eru aðstæður á vinnustað óvenjulegar, t.d. vegna framkvæmda eða annarra tímabundinna aðstæðna sem áhrif geta haft á vinnutíma?
 - j) Eru forsendur tímamælingar í samræmi við gerð húsnæðis og aðgengi að því?
 - k) Annað sem máli kann að skipta, s.s. hvort aðfinnslur hafi komið frá verkkaupa, hvort um árstíðabundinn mun á óhræinindum sé að ræða, fjarvistir samstarfsfélaga sem leiðir til aukins álags á starfsmann o.fl.

Stjórnandi gerir minnisblað þar sem fram kemur afstaða hans og starfsmanns til ofangreindra þátta og afhendir starfsmanni afrit. Komist stjórnandi og starfsmaður að sameiginlegri niðurstöðu um óbreytta tímamælingu eða breytingu á tímamælingu er sú niðurstaða skráð á minnisblaðið.

Verði stjórnandi ekki við beidni starfsmanns um viðræður eða afhendir ekki minnisblað innan tveggja vikna frá því beidni um viðræður kom fram getur starfsmaður vísað ágreiningi til stéttarfélags síns.

2. Leiði málsmeðferð samkvæmt 1. lið ekki til lausnar ágreinings getur starfsmaður óskað þess að stéttarfélag hans komi að lausn ágreinings. Málsmeðferð samkvæmt 1. lið er þá endurtekin með þátttöku fulltrúa stéttarfélags. Kjósi stéttarfélag að framkvæma tímamælingu leggur stofnun til teikningu af ræstingarsvæði þar sem flatarmál rýma kemur fram, verklýsingu og annað það sem máli skiptir við tímamælingu. Stéttarfélag skal bera tímamælingu sína undir stofnun með þeim forsendum sem hún byggir á.
3. Náist ekki samkomulag fyrir milligöngu stéttarfélags getur það vísað ágreiningi til samstarfsnefndar aðila sbr. grein 11.5 um skipan og hlutverk samstarfsnefnda. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr ágreiningi aðila og getur í því skyni kallað eftir gögnum frá viðkomandi stofnun og stéttarfélagi. Sameiginleg niðurstaða samstarfsnefndar er bindandi fyrir aðila. Komist nefndin ekki að einróma niðurstöðu leitar hún til óhlutdrægs fagaðila sem hefur þekkingu og reynslu af tímamælingum í ræstingum, til að framkvæma tímamælingu. Málsmeðferð, sem felur í sér endanlega úrlausn máls, er þá sem hér segir:
 - a) Báðir aðilar skulu samþykka viðkomandi fagaðila,
 - b) viðkomandi fagaðili skal hafa viðurkennda tímastaðla sem eru uppfærðir reglulega og geta einnig framkvæmt tímamælingar á verkstað sé þess óskað,
 - c) viðkomandi fagaðili tímamælir verkið með því að skrá það í tímastaðal samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og gefur áætlaðan tíma eftir því,
 - d) kostnaður af tímamælingu fagaðila fellur að jöfnu á viðkomandi stofnun og það stéttarfélag sem vísaði máli til nefndarinnar,
 - e) ef niðurstaða skv. c) lið telst ekki ásættanleg af öðrum aðila málsins (vikmörk 5%), getur sá hinn sami krafist þess að framkvæmd sé tímamæling á verkinu á verkstað af sama fagaðila,
 - f) kostnaður af tímamælingu fagaðila skv. e) lið fellur að öllu leiti á þann aðila sem óskaði eftir slíkri mælingu.

Launatafla sem tekur gildi 1. júní 2011 – 4,25% hækkun eða 12.000 kr. að lágmarki

	1	2	3	4	5	6
001	169.656	171.416	173.203	175.017	176.858	178.726
002	173.203	175.017	176.858	178.726	180.622	182.547
003	176.858	178.726	180.622	182.547	184.501	186.484
004	180.622	182.547	184.501	186.484	188.497	190.540
005	184.501	186.484	188.497	190.540	192.614	194.719
006	188.497	190.540	192.614	194.719	196.855	199.023
007	192.614	194.719	196.855	199.023	201.224	203.458
008	196.855	199.023	201.224	203.458	204.775	207.076
009	201.224	203.458	204.775	207.076	208.412	209.833
010	204.775	207.076	208.412	209.833	212.239	212.782
011	208.412	209.833	212.239	212.782	215.261	216.877
012	212.239	212.782	215.261	216.877	218.431	220.023
013	215.261	216.877	218.431	220.023	221.654	223.325
014	218.431	220.023	221.654	223.325	225.136	226.988
015	221.654	223.325	225.136	226.988	228.781	230.616
016	225.136	226.988	228.781	230.616	233.493	236.413
017	228.781	230.616	233.493	236.413	239.377	242.386
018	233.493	236.413	239.377	242.386	245.440	248.540
019	239.377	242.386	245.440	248.540	251.686	254.879
020	245.440	248.540	251.686	254.879	258.120	261.410
021	251.686	254.879	258.120	261.410	264.749	268.138
022	258.120	261.410	264.749	268.138	271.578	275.070
023	264.749	268.138	271.578	275.070	278.614	282.211
024	271.578	275.070	278.614	282.211	285.862	289.568
025	278.614	282.211	285.862	289.568	293.330	297.267
026	285.862	289.568	293.330	297.267	301.306	304.364
027	293.330	297.267	301.306	304.364	307.483	311.708
028	301.306	304.364	307.483	311.708	314.953	318.263
029	307.483	311.708	314.953	318.263	321.637	324.557
030	314.953	318.263	321.637	324.557	329.108	333.727
031	321.637	324.557	329.108	333.727	338.415	343.174
032	329.108	333.727	338.415	343.174	348.004	352.907
033	338.415	343.174	348.004	352.907	357.883	362.934
034	348.004	352.907	357.883	362.934	368.061	373.264
035	357.883	362.934	368.061	373.264	378.545	383.906
036	368.061	373.264	378.545	383.906	389.347	394.870
037	378.545	383.906	389.347	394.870	400.475	406.165
038	389.347	394.870	400.475	406.165	411.941	417.803
039	400.475	406.165	411.941	417.803	423.752	429.791
040	411.941	417.803	423.752	429.791	435.921	442.143
041	423.752	429.791	435.921	442.143	448.457	454.867
042	435.921	442.143	448.457	454.867	461.372	467.975
043	448.457	454.867	461.372	467.975	474.677	481.480
044	461.372	467.975	474.677	481.480	488.384	495.393
045	474.677	481.480	488.384	495.393	502.506	509.726
090	135.725					
095	144.208					

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2012 – 3,50% hækkun eða 11.000 kr. að lágmarki

	1	2	3	4	5	6
001	180.656	182.416	184.203	186.017	187.858	189.726
002	184.203	186.017	187.858	189.726	191.622	193.547
003	187.858	189.726	191.622	193.547	195.501	197.484
004	191.622	193.547	195.501	197.484	199.497	201.540
005	195.501	197.484	199.497	201.540	203.614	205.719
006	199.497	201.540	203.614	205.719	207.855	210.023
007	203.614	205.719	207.855	210.023	212.224	214.458
008	207.855	210.023	212.224	214.458	215.775	218.076
009	212.224	214.458	215.775	218.076	219.412	220.833
010	215.775	218.076	219.412	220.833	223.239	223.782
011	219.412	220.833	223.239	223.782	226.261	227.877
012	223.239	223.782	226.261	227.877	229.431	231.023
013	226.261	227.877	229.431	231.023	232.654	234.325
014	229.431	231.023	232.654	234.325	236.136	237.988
015	232.654	234.325	236.136	237.988	239.781	241.616
016	236.136	237.988	239.781	241.616	244.493	247.413
017	239.781	241.616	244.493	247.413	250.377	253.386
018	244.493	247.413	250.377	253.386	256.440	259.540
019	250.377	253.386	256.440	259.540	262.686	265.879
020	256.440	259.540	262.686	265.879	269.120	272.410
021	262.686	265.879	269.120	272.410	275.749	279.138
022	269.120	272.410	275.749	279.138	282.578	286.070
023	275.749	279.138	282.578	286.070	289.614	293.211
024	282.578	286.070	289.614	293.211	296.862	300.568
025	289.614	293.211	296.862	300.568	304.330	308.267
026	296.862	300.568	304.330	308.267	312.306	315.364
027	304.330	308.267	312.306	315.364	318.483	322.708
028	312.306	315.364	318.483	322.708	325.976	329.402
029	318.483	322.708	325.976	329.402	332.894	335.916
030	325.976	329.402	332.894	335.916	340.627	345.407
031	332.894	335.916	340.627	345.407	350.260	355.185
032	340.627	345.407	350.260	355.185	360.184	365.259
033	350.260	355.185	360.184	365.259	370.409	375.637
034	360.184	365.259	370.409	375.637	380.943	386.328
035	370.409	375.637	380.943	386.328	391.794	397.343
036	380.943	386.328	391.794	397.343	402.974	408.690
037	391.794	397.343	402.974	408.690	414.492	420.381
038	402.974	408.690	414.492	420.381	426.359	432.426
039	414.492	420.381	426.359	432.426	438.583	444.834
040	426.359	432.426	438.583	444.834	451.178	457.618
041	438.583	444.834	451.178	457.618	464.153	470.787
042	451.178	457.618	464.153	470.787	477.520	484.354
043	464.153	470.787	477.520	484.354	491.291	498.332
044	477.520	484.354	491.291	498.332	505.477	512.732
045	491.291	498.332	505.477	512.732	520.094	527.566
090	144.525					
095	153.558					

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2013 – 3,25% hækkun eða 11.000 kr. að lágmarki

	1	2	3	4	5	6
001	191.656	193.416	195.203	197.017	198.858	200.726
002	195.203	197.017	198.858	200.726	202.622	204.547
003	198.858	200.726	202.622	204.547	206.501	208.484
004	202.622	204.547	206.501	208.484	210.497	212.540
005	206.501	208.484	210.497	212.540	214.614	216.719
006	210.497	212.540	214.614	216.719	218.855	221.023
007	214.614	216.719	218.855	221.023	223.224	225.458
008	218.855	221.023	223.224	225.458	226.775	229.076
009	223.224	225.458	226.775	229.076	230.412	231.833
010	226.775	229.076	230.412	231.833	234.239	234.782
011	230.412	231.833	234.239	234.782	237.261	238.877
012	234.239	234.782	237.261	238.877	240.431	242.023
013	237.261	238.877	240.431	242.023	243.654	245.325
014	240.431	242.023	243.654	245.325	247.136	248.988
015	243.654	245.325	247.136	248.988	250.781	252.616
016	247.136	248.988	250.781	252.616	255.493	258.413
017	250.781	252.616	255.493	258.413	261.377	264.386
018	255.493	258.413	261.377	264.386	267.440	270.540
019	261.377	264.386	267.440	270.540	273.686	276.879
020	267.440	270.540	273.686	276.879	280.120	283.410
021	273.686	276.879	280.120	283.410	286.749	290.138
022	280.120	283.410	286.749	290.138	293.578	297.070
023	286.749	290.138	293.578	297.070	300.614	304.211
024	293.578	297.070	300.614	304.211	307.862	311.568
025	300.614	304.211	307.862	311.568	315.330	319.267
026	307.862	311.568	315.330	319.267	323.306	326.364
027	315.330	319.267	323.306	326.364	329.483	333.708
028	323.306	326.364	329.483	333.708	336.976	340.402
029	329.483	333.708	336.976	340.402	343.894	346.916
030	336.976	340.402	343.894	346.916	351.697	356.633
031	343.894	346.916	351.697	356.633	361.643	366.729
032	351.697	356.633	361.643	366.729	371.890	377.130
033	361.643	366.729	371.890	377.130	382.447	387.845
034	371.890	377.130	382.447	387.845	393.324	398.884
035	382.447	387.845	393.324	398.884	404.527	410.257
036	393.324	398.884	404.527	410.257	416.071	421.972
037	404.527	410.257	416.071	421.972	427.963	434.043
038	416.071	421.972	427.963	434.043	440.216	446.480
039	427.963	434.043	440.216	446.480	452.837	459.291
040	440.216	446.480	452.837	459.291	465.841	472.491
041	452.837	459.291	465.841	472.491	479.238	486.088
042	465.841	472.491	479.238	486.088	493.039	500.096
043	479.238	486.088	493.039	500.096	507.258	514.528
044	493.039	500.096	507.258	514.528	521.905	529.396
045	507.258	514.528	521.905	529.396	536.997	544.712
090	153.325					
095	162.908					

Yfirlýsing


með kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs undirrituðum 1. júní 2011

Eftirfarandi samkomulög um sérmál aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands, öll undirrituð 4. apríl 2004, halda gildi sínu.

- Samkomulag um sérmál Alþýðusambands Vestfjarða.
- Samkomulag um sérmál Eflingar stéttarfélags.
- Samkomulag um sérmál Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Verkalýðsfélags Grindavíkur.
- Samkomulag um sérmál Verkalýðsfélags Akraness.
- Yfirlýsing með samkomulagi Verkalýðsfélags Akraness.
- Samkomulag um sérmál Verkalýðsfélags Húsavíkur.
- Samkomulag um sérmál Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Reykjavík, 1. júní 2011

**Við hvetjum þig til að greiða
atkvæði strax**



**Þín þátttaka
er okkar sameiginlegi
styrkur!**

**Atkvæðaseðillinn verður að berast
til SGS/Eflingar-stéttarfélags í síðasta lagi
kl. 16:00 þriðjudaginn 21. júní nk.**

Útsend gögn – Meðferð atkvæðaseðils - Skilafrestur

Reykjavík, 1. júní 2011

Ágæti félagi!

Í þessari sendingu til þín ásamt bæklingnum er:

Samkomulag. Breytingar á aðalkjarasamningi og framlengingu hans sem taka þarf afstöðu til.

Atkvæðaseðill og tvö umslög, annað minna merkt Atkvæðaseðill, hitt stærra og merkt Svarending og Efling-stéttarfélag, Sætúni 1, 105 Reykjavík á framhlið. Á bakhlið er nafn þitt, kennitala og heimilisfang - merking er nauðsynleg til að hægt sé að lesa innkomin bréf saman við kjörskrá – ef þessi merking er afmáð er atkvæðið ógilt.

Um meðferð atkvæðaseðilsins og skilafrest:

Þú merkir með X í annan reitinn á seðlinum - brýtur hann svo saman og setur í umslagið merkt Atkvæðaseðill og lokar því. Þetta umslag setur þú svo í stærra umslagið sem merkt er Svarending, lokar því síðan og setur það svo í póst.

Atkvæðaseðillinn skal hafa borist SGS, Eflingu-stéttarfélagi, Sætúni 1, 105 Reykjavík í síðasta lagi kl. 16.00 þriðjudaginn 21. júní 2011.

ATH! Síðasti dagur til að póstleggja atkvæði er 15. júní nk.

Please vote and then post your „Svarending“ as soon as possible. It must be at the SGS/Efling-stéttarfélag at the latest at 16 o'clock on the 21st. of June 2011.

Prosimy o oddanie swojego głosu i jak najszybsze wysłanie odpowiedzi SVARENSENDING na adres Efling do wtorek 21 Czerwca 2011 do godziny 16:00.

Kjörstjórnin SGS

Sýnum ábyrga afstöðu og greiðum atkvæði!



Starfsgreinasamband Íslands